

Framhaldsskólinn í Austur – Skaftafellssýslu 21.03.2018	Álftatalning í Lóni	AUUM1AU05 – Umhverfis og auðlindafræði Arndís Ósk Magnúsdóttir
---	--	--

Árlega hefur tíðkast að fara upp í Lón og telja álfir, en það hefur verið gert af nemendum í Framhaldsskólanum í Austur – Skaftafellssýslu í samstarfi við Náttúrustofu Suðausturlands frá árinu 2010. Með í ferðina sem farin var í marsmánuði 2018 voru í för aðilar frá Náttúrustofunni og Fuglaathugunarstöð Suðausturlands.

Tilgangur

Tilgangur ferðarinnar var fyrst og fremst að skoða álfina í sínu náttúrulega umhverfi og fræðast um lífshætti fuglsins. Í leiðinni var þá markmiðið að rýna í umhverfið og draga ályktanir út frá sýnilegum þáttum, og að lokum að bera niðurstöður saman við fyrri ár.

Áhöld

Þau áhöld sem notuð voru við vinnu í ferðinni voru: sjónauki, kíkir, háfur, ruslapokar, feltbækur og blýantar.

Framkvæmd

Klukkan átta á miðvikudagsmorgninum 21. mars var lagt af stað frá Framhaldsskólanum í Austur – Skaftafellssýslu í rútu. Þaðan var ferðinni heitið upp í Lónssveit. Veðurfarsleg skilyrði fyrir slíka ferð voru ágæt, en stillt var í veðri og frekar sólríkt. Þá var norðaustan átt og 3 metrar á sekúndu, en hitastigið var 4°C. Skýjahulan var metin vera 1/8.

Fyrsta stoppið var tekið á austasta punkti ferðarinnar við Hvalnes, þar sem *Staður 1* var. Á staðnum þótti ekki ástæða fyrir því að stoppa lengi, og var ekki ein einasta álf talin. Lónið var ísilagt að litlu leyti, en það sást þó einungis vera í talsverðri fjarlægð. Eftir Stað 1 var haldið aftur upp í rútu og stöðvað við útsýnispall, nánar tiltekið *Stað 3*. Þar var sjónaukum hagrætt svo hægt væri að telja, og voru þá bæði ritarar, talningamenn og ljósmyndarar við

störf allt í senn. Í heildina voru þar taldar 1501 álft. Þar á eftir var labbað eftir fjöruborðinu í áttina til Víkur og tók ferðin þangað rétt rúman hálf tíma. Á leiðinni var rýnt í náttúruna, rusl tínt upp, og smæstu atriðum veitt eftirtekt. Nokkrum sinnum var háfi sveiflað í þeim tilgangi að veiða flugur.

Þá fannst beinagrind af álft nálægt fjöruborðinu, en hún var ómerkt. Dauð lúra fannst einnig á leiðinni. Ákveðnum línunum í fjöruborðinu var veitt eftirtekt, en þær koma fram vegna ris og hnignunar á sjávarborðinu. Af þeim mátti því sjá hve langt hæðin á sjónum hafði náð.



Dauð lúra sem fannst á göngunni

Þegar göngunni var lokið var haldið inn í rútu, og síðast ekið að Svínhólum í þeim tilgangi að telja álfir. Þar fóru aðeins talningarmenn og hjálparaðilar þeirra út úr rúttunni, en þá voru alls taldar 212 álfir.

Áður en haldið var heim var síðasta stoppið tekið við urðunarstað sveitarfélagsins, sem er staðsettur í Lóni. Þar fræddi Bryndís Bjarnarson umhverfisfulltrúi sveitarfélagsins okkur um þá urðun sem á sér stað á svæðinu. Nýlega var búið að moka yfir lífrænu gryfjuna, svo ekki fékkst ánægja af því að finna ódauninn af henni. Þó var litið ofan í ruslagryfjur, talað um skipulagið á grefti ruslsins og framtíðina sem varðar landsvæðið.

Niðurstöður

Árlega hefur álíka talning á álfum átt sér stað, frá árinu 2010, að undanskildu einu hléi sem gert var 2014. Samtals voru álfirnar 5000 fyrsta árið, en því næst heldur fleiri eða 6890. Árið 2012 voru álfirnar 5866, en árið 2013 fækkaði þeim niður í 2332. Síðustu þrjú árin hafa verið sveiflukennnd, en um 5000 álfir voru taldar árið 2015. Einungis 979 álfir voru taldar árið 2016. Í fyrra töldust álfirnar vera 4121.

Nú í ár voru í heildina taldar 1713 álfir. Þegar leitast er eftir ástæðum fyrir slíkri fækkun sem sjá má, er helst að hafa í huga þann tíma sem farið er á. Skiljanlega, er fylgni á milli þess að álfirnar séu fáar og að farið sé fyrr (þ.e. í marsmánuði miðað við aðrar ferðir sem hafa verið í apríl). Árið 2016 má einnig sjá lága tölu, en þá var ferðin farin snemma líkt og nú.

Ef líta skal á mismun álfra eftir talningastöðum má skýrlega sjá að austast við Hvalnes hefur þeim farið fækkandi með hverju árinu. Eins og áður hefur komið fram voru engar álfir taldar þar í ár. Hugsanleg skýring á þessu gæti verið tengd æti álfanna, og getur þá einhver skýringin á álfafækkuninni jafnvel legið í þeirri vindátt sem var, norðaustan átt.

Talsvert var tínt af rusli á göngunni og var það einna helst plast, eða fjörudrasl sem hafnaði ofan í ruslapokum hjá fólki.

Samantekt og túlkun á niðurstöðum

Samanburðurinn og vinnan við álfatalninguna eykur bæði skilning á náttúrufræðilegri rannsóknarvinnu, ásamt því að dýpka skilning á því lífríki sem er í nærumhverfi okkar. Lestur í umhverfið er eitt af þeim undirstöðuatriðum



sem þarf að hafa í huga við vinnu á náttúrulegum rannsóknum, og markaði sú staðreynd að við stöldrúðum við í einhverja stund og veltum fyrir okkur aðstæðum í umhverfinu, djúpstæð áhrif á ferðina. Það eru vinnubrögð sem gagnlegt er að tileinka sér úr ferðinni.

Að komast út fyrir kennslustofuna og líta námsefnið sínum eigin augum hafði eitt og sér töluverð áhrif á hvernig yfirbragðið á námsefninu varð. Það er ýmislegt sem kemur upp þegar fólk er í beinni tengingu við námsefnið, sem hjálpar til við að gera meira úr reynslunni.

Þegar að ruslagryfjunni var komið fannst mér merkilegt að undir fótum manns væru gríðarstórt lag af rusli sem hefur komið frá heimilum á svæðinu. Það sem hvílir þyngst á samviskunni eftir ferðina var sú staðreynd sem hnykkt var á, að nú væri landsvæðið fyrir ruslið bráðum fullnýtt, og að það væri ekki sjálfgefið að leggja gríðarmikið fjármagn í að gera nýja holu þegar það væri auðveldlega hægt að spara bæði vinnu, tíma og pening með því að hver einstaklingur endurskoðaði sína neyslu. Heimsóknin varpaði ljósi á þann vanda sem sveitarfélagið stendur fyrir og gæti því vel verið kveikjan að því að nemendur litu í eigin barm og veltu fyrir sér eigin hegðun þegar kemur að rusli. Ásamt því að verða varari og fróðari um nærumhverfið, varð því vitundarvakning á samfélagslegri ábyrgð einnig það sem stendur upp úr í ferðinni.

Arndís Ósk Magnúsdóttir

10.04.2018

Álft (Cygnus cygnus)

Álftin er friðlýstur fugl af andaætt sem verpir og dvelur hér á landi. Álftin er farfugl, en einungis um 5% hennar dvelja hér á landi yfir vetrartímann, þá helst á lindasvæðum Suður og Norðausturlands, eða strandsvæðum Suðvestur – og Vesturlands.

Álftastofninn á Íslandi hefur farið stigvaxandi síðastliðna áratugi og nemur nú um 34.000 fuglum. Ágangur álfta hefur lengi vel verið vandamál, enda leggst hún á tún og getur valdið allmiklu tjóni fyrir bændur.

Hún sker sig úr hópi annarra fugla á Íslandi þar sem hún er gríðarstór, með langan háls og áberandi, brimhvítan lit. Lengd álftarinnar er í kringum 145–160 cm, með vænghaf upp á 218–243 cm og vegur hún um 10 kíló. Fuglinn getur orðið óvenju gamall, eða allt að þrjátíu ára.

Hvítur litur álftarinnar getur breyst í ryðrauðan á höfðinu, hálsinum og jafnvel bringunni vegna mýrarauða. Ungir fuglar, fram á annan vetur, eru auðþekkjalegir af gráum lit sínum sem lýsist með aldrinum. Fætur álftarinnar eru svartir, og augu hennar dökk. Gul rót goggarins, sem fremst er svartur, nær undir nasir og upp við augu fuglsins. Hjá ungfuglum er hann bleikur með svörtum goggi.

Eftir langa för frá vetrardvalarstað sínum er álftin örmagna, og safnast því saman á grunn sjávarlón þar sem hún sparar kraftana, og étur sér til orku áður en hún kemur sér fyrir á varpstað sínum. Fuglinn nærast á grasi, aðallega vatnagróðri á borð við stara, fergini, mörur og nykrur. Þegar hún dvelur á grunnsævi og sjávarlónum leitast hún eftir marhálmi, lónajurt og grænþörungum. Hreiður álftarinnar lýsa sér í stórum haugi sem fuglinn reytir upp úr gróðrinum og þekja með dúni. Þar sem álftin parar sig við makann til frambúðar, notar hún oft sama hreiðurstæðið ár eftir ár. Þegar líður á sumrið fellur álftin flugfjaðrir sínar, sem gerir það að verkum að þær eru ófleygar um stundarsakir.

Heimildaskrá

Fuglavefurinn. (e.d.). Álft. Sótt 22.03.2018 af:
<https://www1.nams.is/fuglar/birdinfo.php?val=1&id=29>

Hilmar Malmquist. (2015). Álftin. Sótt 22.03.2018 af: http://nmsi.is/fugl_manadarins/alftin/

Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). Álft (Cygnus Cygnus). Sótt 22.03.2018 af:
<https://www.ni.is/biota/animalia/chordata/aves/anseriformes/alft-cygnus-cygnus>